

LÖGMANNABLAÐIÐ

13. árgangur | júní | 2/2007

Hringborðsumræður um stjórnun lögmansstofa



Lögmannafélag
Íslands



Efnisyfirlit

Fagtengt efni

Ingimar Ingason:
Af vettvangi stjórnar **6**

Sigurður R. Arnalds:
Lögfræðingasprengjan **8**

Stjórnun eða stjórnleysi?
Hringborðsumræður um stjórnun lögmannsstofa **10**

Anna Linda Bjarnadóttir:
Skattareglur og EES-samningurinn **18**

Ragnhildur Benediktsdóttir:
Kvenlögfræðingar í fortíð, nútíð og framtíð **22**

Skúli Bjarnason:
Um loforð stjórnmalamanna í ljósi dóms Hæstaréttar
í máli nr. 590/2006 **24**

Símon Sigvaldason:
Millidómstig í sakamálum **26**

Hdl. námskeið **28**

Guðrún Björk Bjarnadóttir:
Nýsamþykkt lög **29**

Fastir pistlar

Hrafnhildur Stefánsdóttir:
Frá ritstjórn **4**

Helgi Jóhannesson:
Pistill formanns **16**

Eyrún Ingadóttir:
Fréttir frá félagsdeild **22**

Á léttum nótum

Djörfung og dugur
Meistaradeild LMFÍ í innanhúsknattspyrnu 2007 **14**

Af Merði lögmanni **17**

Hundur og dádýr
Árshátíð LMFÍ **20**

LÖGMANNAFÉLAG ÍSLANDS:
Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Sími (tel.): 568-5620
Bréfsími (fax): 568-7057
Netfang: (E-mail): lmfi@lmfi.is
Heimasíða: www.lmfi.is

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMADUR:
Hrafnhildur Stefánsdóttir hrl.

RITNEFND:
Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttur hdl.,
Sigurður Arnalds hrl.,
Skúli Bjarnason hrl.,
Svanhvít Axelsdóttir hdl.,
Tómas Eiríksson hdl.,
Þorsteinn Einarsson hrl.

BLAÐAMADUR:
Eyrún Ingadóttir

STJÓRN LMFÍ:
Helgi Jóhannesson hrl., formaður
Lárentínus Kristjánsson hrl., vara-
formaður
Hjördís Halldórsdóttir hdl., ritari
Ástríður Gísladóttir hdl., gjaldkeri
Jóhannes B. Björnsson hrl., meðstjórn-
andi

STARFSFÓLK LMFÍ:
Ingimar Ingason framkvæmdastjóri
Eyrún Ingadóttir félagsdeild
Hjördís J. Hjaltadóttir ritari

Forsíðumynd:
Ásgeir Þór Árnason hrl.

Blaðið er sent öllum félagsmönnum.

Ársaskrift fyrir utanfélagsmenn
kr. 2.000 + vsk.
Verð pr. tölublað kr. 700 + vsk.

NETFANG RITSTJÓRNAR:
ritstjori@lmfi.is

PRENTVINNSLA:
Gutenberg

UMSJÓN AUGLÝSINGA:
Öflun ehf.,
Sími 533 4440

ISSN 1670-2689

Útblástur verður innblástur

Við erum bakhjarlar Kolviðar og byrjum auðvitað á okkur sjálfum. Fyrst íslenskra fyrirtækja kolefnisjöfnum við flugferðir vegna starfsemi okkar og einkabíla starfsfólks. Með því vonumst við líka til að veita öðrum innblástur og hvetjum landsmenn til að kvitta fyrir sitt kolefni. Þannig græðum við öll!



KAUPÞING

Hugsum lengra



Kolviður er sjóður sem stofnaður er af Skógræktarfélagi Íslands og Landvernd. Markmið Kolviðar er að bjóða einstaklingum og fyrirtækjum að kolefnisjafna útblástursáhrif samgöngutækja sinna með skógrækt. Bakhjarlar Kolviðar eru ríkisstjórn Íslands, Orkuveita Reykjavíkur og Kaupþing. Vefsíða Kolviðar er www.kolvidur.is.

KOLVIÐUR



Hrafnhildur Stefánsdóttir hrl.

Stjórnun er megin þema þessa Lögmannablaðs. Eins og fram kemur í hringborðsumræðunum og pistli formanns er afar mikilvægt fyrir lögmannsstofur að huga vel að stjórnun og markmiðssetningu í rekstrinum. Þótt markaður fyrir lögfræðiþjónustu fari stækkandi með auknum umsvifum fyrirtækja og einstaklinga þá eiga lögmennt í harðnandi í samkeppni við aðrar stéttir og fyrirtæki. Þar gefa gæði þjónustu og skilvirkni forskot. Lögmannsstofurnar þurfa því að skapa sér skarpari prófíl. Sú þróun er þegar hafin með aukinni sérhæfingu.

Samkeppnin kemur líka að utan. Eins og bent var á í síðasta blaði verður sífellt auðveldara að veita lögfræðiþjónustu yfir landamæri. Það skapar líka sóknarfæri.

Við sem vorum í laganámi fyrir 35 árum áttum síður von á því að erlend samskipti yrðu stór þáttur í störfum okkar. Reyndin er önnur í dag. Góð tungumálakunnátta skiptir afar miklu máli fyrir samkeppnis-

hæfni lögmannna á tímum hnattvæðingar og aukins hreyfanleika fólks milli landa. Hún ekki síður nauðsynleg en góð fagþekking. Þátttaka í nemendaskiptum og framhaldsnám við erlenda háskóla er okkur því afar mikilvæg. Því hefur verið haldið fram að ein af ástæðum góðs árangurs íslenskra fyrirtækja erlendis sé hve hlutfallslega margir Íslendingar hafi sótt menntun erlendis. Lögfræðingar munu vonandi halda áfram að sækja þekkingu út fyrir landssteinana þrátt fyrir aukið menntunarframboð á Íslandi. Eins og fram kemur hér í blaðinu fjölgar lögfræðingum verulega á næstu árum. Þessi hópur hefur fjölþættari menntunarbakgrunn en áður hefur verið og ætti að geta nýst lögmannsstofum og fyrirtækjum vel. Lögmannsstofurnar eiga að geta verið eftirsóknarverður og samkeppnisfær starfsvettvangur fyrir þetta fólk ef vel er að málum staðið. Verkefni og vinnustaður er ekki lengur bundinn við íslenska lögsögu. Lögmennt þurfa að geta nýtt sér þau tækifæri sem það felur í sér.

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT

50%

afsláttur af
fyrstu tveimur
mánuðunum



DAGBLAÐ ATVINNULÍFSINS

Viðskiptablaðið

vb.is

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT Í SÍMA **511 6622** EÐA Á **WWW.VB.IS**



Ingimar Ingason

Aðalfundur

Aðalfundur Lögmannafélags Íslands og félagsdeildar LMFÍ 2007 fóru fram á Radisson SAS Hótel Sögu föstudaginn 23. mars s.l. Á dagskrá voru venjuleg aðalfundarstörf auk þess sem tillaga lá fyrir um hækkun árgjalds til lögbundna hluta félagsins.

Formaður félagsins, Helgi Jóhannesson, hrl., gerði grein fyrir skýrslu félagsstjórnar og gat sérstaklega um góða vinnu ad hoc nefndar félagsins sem skipuð var í kjölfar skýrslu dómsmálaráðuneytisins um málskostnað í opinberum málum og opinberri réttaraðstoð. Einnig vék formaðurinn að góðri stöðu Lögmannablaðsins sem greinilega væri í góðum höndum nýs ritstjóra og nefndi sérstaklega að léttara yfirbragð væri á blaðinu með nýju útliti þess. Þá fjallaði hann um samstarf LMFÍ við erlend lögmannafélög á árinu, bæði á Norðurlöndum og á meginlandi Evrópu, og áréttaði mikilvægi þess. Helgi kom einnig inn á mikilvægi góðs samstarfs félagsins við dómsmálaráðuneytið, Dómarafélagið og Dómstólaráð og reglubundið samráð þessara aðila. Fundir með Hæstarétti hafa síðan verið teknir upp að nýju eftir nokkurra ára hlé.

Helgi ræddi einnig erindi stjórnar LMFÍ til ríkisskattstjóra þar sem farið var fram á að kannað yrði hvort sú aukabjónusta sem bankar veita og lýtur að hefðbundinni lögmannsbjónustu félli undir undantekningarákvæði laga um virðisaukaskatt. Ef svo væri þá skekkti það samkeppnisstöðu bankanna gagnvart sjálfstætt starfandi lögmonnum. Helgi áréttaði að ekki væri um kærú að ræða af hendi félagsins og að athugasemdirnar beindust ekki að lögmonnunum heldur að fyrirtækjunum sem þeir störfuðu hjá.

Að lokum minntist formaðurinn þeirra fimm lögmanna sem létust á árinu og vottuðu fundarmenn þeim virðingu með því að rísa úr sætum.

Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri LMFÍ, fór yfir ársreikninga félagsins og félagsdeildar fyrir árið 2006. Afkoma beggja deilda var ásættanleg og jákvæð. Samanlagðar tekjur félagsins umfram gjöld numu rúmum 4 milljónum króna, þar af var afkoma lögbundna hlutans jákvæð um rúmar 2,5 milljónir króna. Afkoma félagsdeildar var jákvæð um rúmar 1,5 milljón krónur.

Helgi Jóhannesson, hrl., var endurkjörinn formaður félagsins en Hjördís Halldórsdóttir, hdl. og Jóhannes Bjarni Björnsson, hrl., voru kjörin í stjórn í stað Helgu Jónsdóttur, hdl. og Stefáns Geirs Þórissonar, hrl. Auk þeirra sitja áfram í stjórn þau Ástríður Gísladóttir, hdl. og Lárentsínus Kristjánsson, hrl. Í varastjórn voru kjörin þau Hörður Felix Harðarson, hrl., Hildur Friðleifsdóttir, hdl. og Óskar Sigurðsson, hrl.

Gústaf Þór Tryggvason, hrl. og Othar Örn Petersen, hrl., voru kjörin skoðunarmenn félagsins og Þorbjörg I. Jónsdóttir, hrl., til vara. Í laganefnd félagsins næsta starfsár voru kjörin þau Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl., Óttar Pálsson, hrl., Ása Ólafsdóttir, hrl., Eva Bryndís Helgadóttir, hdl., Ólafur Eiríksson, hrl., Gísli G. Hall, hrl. og Sigríður Rut Júlíusdóttir, hrl.

Á fundinum var framkomin tillaga um hækkun árgjalds til skyldubundna hlutans úr kr. 40.000 í kr. 45.000 samþykkt samhljóða.

Forsætisfundur norrænu lögmannafélaganna


Forsætisfundur norrænu lögmannafélaganna fór fram í Kaupmannahöfn dagana 28.–30. apríl s.l. Af hálfu Lögmannafélags Íslands mættu Helgi Jóhannesson, formaður, Lárentsínus Kristjánsson, varaformaður og Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri félagsins. Meðal þess sem rætt var á fundinum var ný löggjöf um danska lögmennt og áhrif hennar á danska lögmannafélagið. Einnig var farið yfir væntanleg áhrif innleiðingar þjónustutillskipunar Evrópusambandsins á lögmannafélögin á Norðurlöndunum, helstu breytingar á siðareglum lögmannanna í Svíþjóð, sem nú sæta endurnýjun, og loks aukna samvinnu norrænu lögmannafélaganna innan CCBE næstu tvö árin en Anne Birgitte Gammeljord var kjörin í stöðu eins af forsetum CCBE. Loks var samþykkt að bjóða lögmannafélögunum í Eistlandi, Lettlandi og Litháen aðild að norrænu samstarfi lögmannafélaganna. Gert er ráð fyrir þátttöku þessara félaga á næsta forsætisfundum sem fram fer á Íslandi í apríl 2008.



Helgi Jóhannesson formaður LMFÍ

Dómar um fasteignakaup

Í ritinu eru reifaðir 247 dómar Hæstaréttar um fasteignakaup og skipti frá miðju ári 1995 til ársloka 2006. Einnig eru teknir til skoðunar dómar, sem eru til upplýsingar um réttarreglur er varða eigendaskipti að fasteignum með öðrum hætti og ýmsir dómar varðandi ágreining um eignarrétt að fasteignum. Bókin er framhald ritsins Dómar um fasteignakaup sem kom út árið 1996. Höfundur er Viðar Már Matthíasson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands. Ritinu er selt í Bóksölu Úlfjólts og Bóksölu stúdenta.



Þýðingar og textaráðgjöf

Löggiltar og almennar þýðingar á ensku, norðurlandamál, frönsku, þýsku og rússnesku (níu þýðendur og túlkar). Dóm og skýrslutökutúlkun.

Ellen Ingvadóttir

Löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi.

Laugavegi 163a - sími: 562-6588

bréfsími: 562-6551 - GSM: 897-2717

netfang: ellening@simnet.is



Sigurður R. Arnalds, hrl. og aðjúnkt
við Háskólann á Bifröst.

Lögfræðingasprengrin

Árið 2007 er tímamótaár í íslensku laganámi en útskrifaðir lögfræðingar verða þá í fyrsta sinn yfir eitt hundrad á einu ári. Fram á þessa öld var einungis hægt að læra lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands. Líkt og leynilegt handarband áttu allir lögfræðingar á Íslandi það sameiginlegt að hafa útskrifast úr einum og sama háskólanum. Nú er öldin önnur og lögfræði er kennd við fjóra háskóla á Íslandi, Háskólann á Akureyri, Háskólann í Reykjavík, Háskólann á Bifröst og Háskóla Íslands.

Í vor útskrifast í fyrsta sinn nemendur frá Háskólanum í Reykjavík með meistarapróf í lögum, alls 42 talsins. Árið 2006 útskrifaði Háskólinn á Bifröst í fyrsta sinn nemendur með meistarapróf í lögum og í ár útskrifast um 10 lögfræðingar þaðan. Á næsta ári má búast við að þeir verði að minnsta kosti 20 talsins. Háskólinn á Akureyri hóf kennslu í lögfræði árið 2005 og því ekki langt að bíða að fyrstu lögfræðingarnir útskrifist þaðan. Fjöldi útskrifaðra lögfræðinga frá Háskóla Íslands hefur verið nokkuð svipaður undanfarin ár. Þannig luku um 50 nemendur embættisprófi frá HÍ árið 2006 og má búast við að sá fjöldi verði svipaður í ár. Nemendum mun vera að fjölga við lagadeild HÍ og má því búast við að útskrifuðum lögfræðingum fjölgi í takt við það. Það er því augljóst að sprenging mun verða í lögfræðingum á atvinnumarkaði næstu árin og rétt að velta fyrir sér hvort markaðurinn hafi nóga vinnu fyrir þá alla.

Hvað eiga allir þessi lögfræðingar að gera?

Það er edlilegt að menn velti fyrir sér hvort lögfræðingar þurfi að fara að óttast um sinn hag vegna þess fjölda lög-

fræðinga sem eru að koma út á atvinnumarkaðinn. Þegar undirritaður útskrifaðist sem lögfræðingur frá Háskóla Íslands sumarið 1993 var hann í hópi 40 nemenda. Þetta var óvenju stór útskriftarárgangur og svo skemmtilegur að margir höfðu ákveðið að staldra lengur við í Lögbergi til að útskrifast með þessum föngulega hópi. Atvinnuástand á Íslandi var í lægð á þessum tíma og þótt atvinnutilboðin streymdu ekki inn þá fengu að lokum allir vinnu. Málflutningur var efstur á óskalistanum og lögmennska var æðsti draumur flestra. Það var toppurinn að fá vinnu á lögmennsstofu og grimm samkeppni um hver yrði fyrstur til að ljúka prófmálum fyrir héraðsdómi. En margt hefur breyst í íslensku samfélagi síðan þá. Nú mega lögmennstofurnar sín lítills í baráttunni við bankana um starfsfólk og einstaka lögmaður sést í dómssal - hinir eru allir að vinna við yfirtökur og aðra fyrirtækjaráðgjöf.

Velkomin í hópinn!

Lögfræði er umfram allt hagnýtt nám sem byggir á þekkingu sem nýst getur á flestum sviðum atvinnulífs. Eftirspurn eftir starfsfólki með slíka þekkingu mun alltaf vera fyrir hendi og breytt atvinnulíf hefur aukið mjög á fjölbreytni þeirra starfa er lögfræðingum býðst. Í takt við samfélagið hefur lögfræðin þróast mikið undanfarin ár og lögfræðingar marka sér nú frekar sess með ákveðinni sérhæfingu. Verðbréfamarkaðsréttur, samkeppnisréttur, persónuréttur og upplýsingatækniréttur þekktust ekki í íslensku laganámi árið 1993, hvað þá alþjóðlegir fjármagnsmarkaðir eða alþjóðlegur skattaréttur. Áhyggjur framtíðarlögfræðinga munu því fyrst og fremst snúast um að marka sér það svið lögfræðinnar sem þeir hafa áhuga á að starfa við.

Ég hef því ekki neinar áhyggjur af því að 100 útskrifaðir



Lögfræðikandidatar sem útskrifuðust fyrir hálfri öld, í maí 1957, voru átta. Efri röð f.v.: Ólafur Björgúlfsson, Jón Grétar Sigurðsson, Sigurður Helgason, Jón Tómasson og Ólafur Þorláksson. Fremri röð f.v.: Matthías Á. Mathiesen, Hjörtur Hjartarson og Þór Vilhjálmsson.

lögfræðingar muni ekki finna störf við hæfi og það jafnvel þó þeir verði 200. Ég vil nota tækifærið og bjóða þetta unga og efnilega fólk velkomið í hóp lögfræðinga og óska því velfarnaðar í framtíðinni.



The Nordic Exchange



Suðurlandsbraut 24 • gutenberg.is • Sími 545 4400

Rannsókn á bókhaldi og meintum viðskiptaglæpum



Við aðstoðum skiptastjóra og lögmenn við rannsókn á bókhaldi og meintum viðskiptaglæpum.

Fyrirtækjasvið KPMG
Ágúst Þórhallsson
sími 545 6027

kpmg.is

AUDIT ■ TAX ■ ADVISORY





Danska lögmannafélagið hefur hleypt af stokkunum stóru þróunarverkefni þar sem lagt er upp með spurningar eins og „þurfa lögmennt að tileinka sér nýjan hugsunarhátt?“, „Parfnast lögmennt stjórnunar?“ og „Eiga lögmennt sér líf?“. Sjá heimasíðu verkefnisins <http://www.advokatinnovation.dk>

Stjórnun eða stjórnleysi?

Erlendis er vaxandi umræða um stjórnun og samkeppnishæfni lögmannsstofa. Í danska lögmannsblaðinu var nýlega haft eftir breskum ráðgjafa, sem aðstoðað hefur lögmannsstofur víða um heim, að lögmannsstofurnar séu á markaði þar sem vaxandi þörf er fyrir lögfræðisþjónustu og áhersla á stjórnun, markmiðssetningu og efnahagslegar upplýsingar um starfsemina séu forsenda góðrar arðsemi. Eigendur vanræki hins vegar stjórnunarþáttinn þar sem mestur tími fari í að sinna viðskiptavinunum.

Lögmannsblaðið fékk nokkra lögmennt til að ræða um stjórnun lögmannsstofa og hvort sömu lögmal gildi um rekstur þeirra og annarra fyrirtækja. Gunnar Sturluson framkvæmdastjóri LOGOS, Helgi Jóhannesson framkvæmdastjóri Lex, Heiðrún Jónsdóttir framkvæmdastjóri starfsþróunar- og samskiptasviðs Eimskips og Óðinn Elísson einn eigenda Fulltingis, settust niður ásamt Hrafnhildi Stefánsdóttur ritstjóra og ræddu málin.

Stjórnun lögmannsstofa

Gunnar: Það gilda ekkert önnur lögmal um rekstur lögmannsstofa en annarra fyrirtækja. Það þarf að stjórna þeim á sama máta og það þarf að gefa því gaum frá upphafi hvernig á að gera það. Eigendur lögmannsstofanna eiga ekkert endilega vera að í stjórnun alla daga. Það á að setja upp skipulag sem hæfir hverju fyrirtæki og svo á að halda sig við það. Við hjá LOGOS höfum þriggja manna stjórn, framkvæmdastjóra og fjóra verkstjóra sem við köllum línuverði en þeir stýra hverri línu (sviði) fyrir sig. Aðrir lögmennt á stofunni eiga ekki að hafa of miklar áhyggjur af rekstri og stjórnun fyrirtækisins. Þeir þurfa bara að virða þær reglur og þann stíl sem við höfum sett.

Hvernig koma eigendurnir að þeim ákvörðunum?

Gunnar: Eigendafundur ákveður markmiðin í rekstrinum og felur svo stjórninni að ná þeim. Þetta er eins og í öðrum fyrirtækjum, hluthafarnir ákveða stefnuna og stjórnin sér um

að fyrirtækið fúnkeri. Svo sér framkvæmdastjórinn um daglegan rekstur.


Óðinn: Það þarf að skipta stjórnuninni í tvennt, í faglega og daglega stjórnun. Svo er spurning hvernær lögmannsstofa er orðin nógu stór til að bera kostnað af því að ráða inn viðskiptafræðing til að sinna daglegum rekstri. Lögmennt eiga ekki að vera að vasast í excelskjölunum.

Heiðrún: Mestu máli skiptir að lögmannsstofur setji sér stefnu og fylgi henni eins og önnur fyrirtæki. Það sem er hins vegar flóknara við stjórnun á lögmannsstofum er að þá er jafnframt verið að stýra eigendunum að einhverju leyti. Eðli málsins samkvæmt hafa þeir sem eiga fyrirtækið skoðun á rekstrinum. Þetta sama á við um aðra sérfræðinga svo sem endurskoðendur og verkfræðinga sem eiga hlut í sínum stofum. Þeir eiga hagsmuna að gæta og eru ekki alltaf tilbúnir til að láta frá sér ákvarðantöku í einstaka málum. Þess vegna er þeim mun mikilvægara að setja skýr markmið frá upphafi og gefa framkvæmdastjóra umboð til að

fylgja þeim eftir. Það á að vera ljóst hver ræður á hvaða sviði og þá fyrst og fremst eftir hvaða stefnu er verið að vinna og mennt þurfa að vera sáttr við þá stefnu hverju sinni, jafnvel þótt þeir geti haft mismunandi skoðanir á því hvaða leiðir er best að fara til að ná fram settum markmiðum.

Helgi: Ég held að það sé mikil vakning varðandi stjórnun hjá lögmenntum sérstaklega af því að stofurnar eru að stækka. Ég hef orðið var við það meðal kollega minna á Norðurlöndum, sem eru í samstarfi lögmannafélaganna, að þeir glíma við sömu viðfangsefnin og við í þessu sambandi jafnvel þó stofurnar þar séu oft á tíðum miklu stærri en þær stærstu hér.

Gunnar: Til þess að ná utan um verkefni sem eru í gangi þá þarf verkstjóra og á það við um allar stofur, stórar og smáar. Það á ekki að gilda neitt annað um lögmennt sem vinna fyrir einstaklinga en lögmennt sem þjóna fyrirtækjum svo framarlega sem lögmannsstofan hefur náð skynsamlegri stærð.



Hrafnhildur Stefánsdóttir og Helgi Jóhannesson.

Óðinn: Markmiðsetningin þarf að vera í lagi en stjórnunin er að verða stærri þáttur í rekstrinum.

Helgi: Við hjá LEX erum með ákveðin sérhæfingarsvið. Það eru ekki niðurnegldir veggir á milli sviðanna og því flæðir stundum á milli þeirra enda mál oft á mörkum ákveðinna réttarsviða. Vandinn er hins vegar oft á tíðum sá, sérstaklega á álagspunktum, að lögmennirnir sem eru yfir sviðunum hafa svo mikið að gera að þeir hafa ekki tíma til að verkstýra eða leiðbeina öðrum sem á sviðinu starfa, þ.e. fulltrúunum. Menn þurfa oft að beita sig miklum aga í þessu sambandi.

Gunnar: Þá þarf að taka þessa menn og hrista þá eða ráða fleira fólk.

Óðinn: Þetta eru slagsmálin innan allra þessara fyrirtækja. Menn vilja hvoru tveggja.

Heiðrún: Það er ekki endilega besti fagaðilinn sem er besti stjórnandinn á hverju sviði. Þetta er gryfja sem menn eru sífellt að falla í. Besti kennarinn er ekki endilega besti skólastjórinn, besti endurskoðandinn er ekki endilega besti stjórnandinn o.s.frv. Besti lögfræðingurinn á hverju sviði er oft verðmætari við að sinna því sem hann er góður í heldur en að stjórna. Oft er niðurstaðan sú að búið er að taka besta fagaðilann úr sínu fagi og setja hann í hlutverk sem ekki hentar honum endilega, þ.e. stjórnun.

Fjármálastjórn

Greina lögmenn nægjanlega vel hvaðan tekjurnar koma og einblína of mikið á hvað hver einstaklingur aflar?

Óðinn: Ég held að það sé að breytast mjög mikið með stækkun lögmennsstofa. Menn hafa betri yfirsýn yfir fjármálin og greina hvað er að gefa tekjur og hvað ekki.

Gunnar: Það skiptir verulegu máli fyrir stjórnendur að sjá hvaðan tekjurnar koma og hlutirnir kosta. Það er hins vegar ekki hægt að upplýsa alla um hvað hvert verkefni er að skila og hvað hver maður er að skila. Þá myndast togstreita um verkefni í hópnun og menn fara að mynda sér skoðanir um hvaða verk eigi að vinna og hvernig, út frá sínum hagsmunum en ekki hagsmunum stofunnar. Það er algert lykilatriði til að ná árangri í gæðum að hægt sé að velja lögmann í verk innan stofunnar, óháð beinum fjárhagslegum hagsmunum viðkomandi.

Óðinn: Sum verkefni eru þannig að þau gefa ekki mikið af sér en eru forsenda fyrir öðrum verkefnum sem fylgja þeim.

Heiðrún: Það er mikilvægt fyrir lögmennsstofur að komast meira út úr tímagjaldinu og í hagsmunatengingu. Það er mikilvægt að einblína stöðugt á hvaðan tekjurnar koma. En það má eðlilega ekki koma niður á faglega hlutanum. Hér þarf að finna gott jafn-



METNAÐARFULLT OG NÚTÍMALEGT LAGANÁM

NÝJAR ÁHERSLUR - MARKVISST NÁM - MEIRI MÖGULEIKAR

- 3ja ára grunnám til BA gráðu (90 ein.)
- 2ja ára framhaldsnám til meistaraþráðu (60 ein.)

Fullnaðarpróf í lögfræði



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 www.ru.is

vægi og það getur stundum reynst erfitt. En í þessu sem öðru skiptir máli að halda fókusnum réttum og vera búinn að skilgreina hvar maður ætlar að vera.

Óðinn: Ég er sammála því að menn eigi að reyna hverfa frá tímagjaldinu en innávið, gagnvart starfsmönnum, þarf að hafa það. Það er mikilvægt að geta mælt árangur með raunhæfum mælikvarða.

Sérhæfing og skilvirkni

Hvernig náði þið aukinni skilvirkni í rekstrinum?

Óðinn: Ég held það sé ekki hægt að reka stærri stofur nema með sérhæfingu starfsmanna.

Gunnar: Skilvirkni er það sem íslenskir lögmenntur eru loksins að átta sig á. Það mátti t.d. ekki tala um sérfræðinga fyrir 10-15 árum síðan. Nú erum við að gangast inn á það að sumir séu betri en aðrir í ákveðnum þáttum. Ef menn ætla byggja upp sérfræðipökkingu á stofunum þurfa stjórnendur að hafa frelsi til að ákveða hver vinnur hvað og nýta þannig þekkinguna sem er til staðar á stofunni sem allra best.

Heiðrún: Þetta snýst um heildarhagsmunum, að hver og einn vinni á því sviði sem hann er bestur í. Menn átta sig betur á því í dag hvað sérhæfingin er mikilvæg. Þegar þú ferð til læknis ferðu til þess sérfræðings sem við á. Það sama á við þegar aðilar leita til lögmannna eða endurskoðenda, þeir reyna að finna út hverjir eru bestir á hvaða sviði. Það er mikilvægt fyrir stofnunar að reyna að bjóða upp á breiða þjónustu en halda þó sérfræðipjónustunni og vera ekki úti um víðan völlum. Í hraða viðskiptalífsins þurfa úrlausnir oft að liggja strax fyrir og menn eru tilbúnir til að greiða meira fyrir það sem þeir telja örugga og fljóta þjónustu.

Helgi: Það sem er einnig gott við sérhæfinguna er að kunninn er búinn að átta sig á þessu og það er ákveðinn léttir fyrir okkur lögmenntur að geta sagt við kunnann: „Ég er bara ekkert góður í þessu.“ Maður er ekki afskrifaður fyrir lífstíð út af því.



Gunnar Sturluson

Markaðssetning

Erlendis er talað um að lögmannsstofnunar séu lélegar í markaðssetningu. Menn séu uppteknir við að vinna og hugsi ekki um hvar eigi að fá viðskiptavinum í harðnandi samkeppni framtíðarinnar.

Helgi: Ég held við þurfum frekar að velta því fyrir okkur hvar lögmannsstéttin sem slík ætlar að fá sín framtíðarverkefni. Baráttan um kunnann milli stofnanna er minna mál að mínu mati. Í því sambandi eru það gæði þjónustunnar sem skilur milli og ræður því hverjir verða ofan á.

Óðinn: Þú kaupir þér ekki viðskipti svo glatt því þau eru mjög persónubundin og byggjast á orðspori.

Gunnar: Það er okkar reynsla að það sé að draga úr persónutengslunum. Við höfum verið að vinna fyrir mörg fyrirtæki sem hafa tekið kollsteypur í eignarhaldi en haldið viðskiptunum við þau þrátt fyrir nýja eigendur með ný tengsl. Við reynum að sækja þetta á gæðum þjónustunnar sem við veitum eða einhverju öðru en þessum persónulegu tengslum.

Hrafnhildur: Nú er mikið talað um „burn out“ og að menn aðskilji ekki frítíma og vinnu. Er þessi miklu persónutengsl æskileg?

Helgi: Nútíma stjórnendur eru minna líklegir til að byggja tengsl við lögmanninn á persónulegum forsendum. Áður voru lögmenntur oft eins og heimilislæknar og sáu jafnt um skilnaðarmál sem kaup eða sölu fyrirtækja innan fjölskyldna. Nú eru stjórnendur árangursdrifnir í störfum, fá laun eftir því og vilja bara hafa lögmannsstörfin í lagi. Þeir velja því þann besta að þeirra mati en ekki þann sem þeir þekkja best.

Heiðrún: Þarna kemur orðsporið enn og aftur, bæði orðspor stofnunnar og lögmannsins.

Óðinn: Það þarf að láta orðsporið liggja hjá stofnunum.

Starfsfólkið

Með stækkun stofnanna fjölga fulltrúum. Hvað gerið þið til að halda þeim?

Helgi: Við höfum haft áhyggjur af þessu. Við ráðum fólk og þjálfum upp en þurfum oft að horfa á eftir því til annarra starfa eftir allt of stuttan tíma, jafnvel þó við höfum boðið sín launakjör o.þ.h. Ég spurði mig hvort það væri eitthvað að okkur og leitaði ráða hjá sérfræðingi á sviði vinnustaðasálfræði og stjórnunar. Það var reyndar mjög hollt að heyra sjónarmið frá annari starfsstétt í þessu sambandi. Niðurstaðan var í grunninn sú að ungt fólk í dag lítur öðruvísi á starfsframa og langtímaskuldbindingar í starfi en næstu kynslóðir á undan. Ungt fólk í dag stoppar styttra á hverjum stað og lítur á lífið sem nokkurs konar jakahlaup. Þetta á jafnt við um lögfræðinga sem aðrar stéttir.

Óðinn: Það er einnig orðin mikil krafa um sveigjanleika í starfi.

Gunnar: Við höfum verið tiltölulega heppin og náð að halda nokkuð vel í okkar starfsmenn, bæði lögfræðinga og aðra. Síðan 2001 höfum við verið með starfsmannastjóra sem hefur helg-



Heiðrún Jónsdóttir

þeir um starf erlendis. Við höfum einnig verið með frammistöðumat einu sinni til tvisvar á ári. Það hefur verið yfirlýst stefna hjá fyrirtækinu að það stækki fyrst og fremst innan frá.

Heiðrún: Starfsmenn þurfa að sjá að þegar til lengdar lætur hafi þeir það betra hjá fyrirtækinu heldur en að fara. Það verður oft keðjuverkun ef menn hætta í starfi, ef einn fer frá fyrirtækinu þá fer hópur á eftir. Ungt fólk í dag, hvort sem eru lögfræðingar eða aðrir, eru almennt ekki að ráða sig á vinnustað með það í huga að vera þar í langan tíma eins og áður var gert. Því þarf að tryggja að þeir sjái hvar þeim er best borgið – grasið er ekki alltaf grænna hinu megin.

Óðinn: Starfsþróun skiptir miklu máli. Fulltrúarnir hjá okkur eiga möguleika á sérhæfingu í starfi og verða þar af leiðandi verðmætari.

að sig starfsmannamálum sérstaklega og ég held að vægi þess í fyrirtækinu verði seint ofmetið. Það að einhver innan fyrirtækis sé vakinn og sofinn yfir því sem menn eru að hugsa og sé helst aðeins á undan að lesa í það lætur fólk finna að það skiptir máli og sjá að það eigi framtíðina fyrir sér. Þá þarf alltaf að vera höfða til þess hvað hægt er að gera fyrir viðkomandi svo hann haldi áfram. Sem dæmi þá erum við í hverjum einasta mánuði að keppa við önnur fyrirtæki um starfsfólk og við þurfum telja fólki trú um að hag þess sé betur borgið hjá okkur. Ég er viss um að okkur hafi tekist þetta vel af því við höfum sinnt þessum þætti sérstaklega.

Bjóðið þið starfsfólki upp á starfsþróun?

Gunnar: Já við höfum gert það og þá sérstaklega fyrir lögfræðingana. Það skiptir nýútskrifaða lögfræðinga miklu máli að vita hvort þeir hafi möguleika á að fara í framhaldsnám og hvort við ætlum að styrkja það. Hvort þeir eigi möguleika á því að fara í endurmenntun, starfsþróun, kynnst fjölbreyttum verkefnum og eftir að við byrjuðum með starfsemi okkar í London þá spyrja

Heiðrún: Flestar viðhorfskannanir meðal starfsmanna lýsa óánægju með tvo hluti og það er upplýsingaflæði annars vegar og hrós hins vegar. Við gefum okkur oft ekki tíma til að upplýsa starfsmenn en með því að gera það finnst starfsmönnum þeir vera meira virði. Það er ekki verið að hrósa mikið meðal sérfræðinga.

Helgi: Þetta er rétt hjá Heiðrúnu með hrósið. Ég hef stundum lent í því að hrósa samstarfsmanni fyrir t.d. góðan vinnudag og þá hefur viðkomandi horft á mig og sagt: „Bíddu nú við, ertu að grínast? Ætlar þú að biðja mig um að vinna aðra helgi? Hvað kemur næst?“ Fólk virðist óvant að taka við hrósi.

Er einhver munur á konum og körlum?

Gunnar: Nei ég finn það ekki.

Óðinn: Mér finnst ég ekki finna nokkurn einasta mun á lögmönnum eftir því hvort það er karl eða kona í starfi. Ef eitthvað er þá eru konurnar metnaðarfullri og það er engin launamismunur.

Helgi: Ég spái ekki í hvort kynið það er þegar ég ræð starfsfólk.



Óðinn Elísson

Að lokum, er þörf á sérstakri stjórnunarfræðslu fyrir lögmenn?

Helgi: Ég held að það væru margir lögmenn sem hefðu gott af stjórnunar námskeiði. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að það eigi að kenna stjórnun og sálfræði í lagadeild. „Law office management“ er kúrs í flestum háskólum í heiminum og af hverju ekki hér? Þegar ég var í lagadeild var verið að búa til embættismenn eða dómara úr öllum. Aldrei minnst á lögmenn.

Óðinn: Það á ekki síður við um minni stofurnar. Þeir sem hafa bolmagn til eru farnir út í þetta en þeir sem eru minni sitja svolítið eftir að mínu álit.

Gunnar: Það þarf að ýta þeirri hugsun frá fólki að það sé eitthvað að því að setja sér markmið í þessum rekstri og ákveða hvaða leiðir eigi að nota til að ná markmiðunum. Það vantar sjálfsaga og vakningu meðal lögmanna um að það sé í lagi að stjórna þessum fyrirtækjum til árangurs því annars verða þau ekki langlíf.

Heiðrún: Fyrst og fremst er þetta stjórnun, markmiðasetning og það að halda fókus.



Meistaradeild LMFÍ í innanhúsknattspyrnu 2007

Djörfung og dugur

Knattspyrnulið lögmanna öttu kappi í sínu árlega innanhúsmóti miðvikudaginn 16. maí sl. Að venju fór mótið fram í Íþróttahúsi Fram við Safamýri.

Mótið hefur verið haldið óslitið allt frá árinu 1995 eða í 12 ár. Margir þátttakendur hafa verið með frá upphafi og láta lítið á sjá. Má þar nefna nokkra liðsmenn Þrumunnar, þá Brynjar Eyvindsson, Guðna Haraldsson og Magnús Brynjólfsson. Allir eru þessir kappar jafn sparkgláðir og áhugasamir og þeir voru fyrir 12 árum og skipta örfá aukakíló greinilega engu máli. Það sést best á því að Þruman náði 2. sæti mótsins og var bara einu stigi á eftir sigurvegurinum. Að auki var Þruman eina liðið sem ekki tapaði leik. Djörfung og dugur eru orð sem vel lýsa þessum fræknu köppum sem örugglega eiga eftir að mæta til leiks um ókomin ár. Þessum reyndu köppum til halds og traust voru nokkrir yngri leikmenn sem leystu þær kempur af annað slagið.

Sigurvegari mótsins í ár var lið Fullheimtunnar sem skipað er reyndum köppum og yngri óreyndari Traböntum í bland. Virkaði tvígangisvél þessi vel og skilaði liðinu 1. sætinu, næst á undan kempunum í Þrumunni.

Þriðja sætið lenti að þessu sinni hjá Lögfræðistofu Reykjavíkur. Lið þeirra var að stofni til byggt á gamalreyndum liðsmönnum Grínarafélagsins „margræmda“ sem hirti gullið reglulega í keppninni fyrstu árin. Þeir eldast hins vegar greinilega ekki eins vel

og liðsmenn Þrumunnar en eftir því sem blaðamaður Lögmannablaðsins fregnaði stendur til að sameina lið Þrumunnar og Grínarafélagsins undir nafninu ÞrumuGrín. Er sú saga ekki seld dýrara verði en hún er keypt.

Ungt og ferst lið Lex lögmanna stóð



Lið Fullheimtunnar var í fyrsta sæti.

Fullheimtan	3	1	1	14:4	+ 10	10
KF Þruman	2	3	0	9:6	+ 3	9
Lögfræðistofa Reykjavíkur	2	2	1	12:9	+ 3	8
Lex FC	2	0	3	9:11	- 2	6
Logos FC	1	2	2	5:10	- 5	5
Eyvi FC	0	2	3	7:16	- 9	2

sig mjög vel og lenti í 4. sæti, stigi á undan LOGOS-lögmönnum. Othar Örn Petersen sást ekki á bekk LOGOS-manna í ár og var það svipur hjá sjón.

Lestina í mótinu rak að þessu sinni lið Eyva og co. Liðið sýndi mikla takta þó fámennt væri og átti fyrirliðinn, Eyvindur G. Gunnarsson mark mótsins, glæsilega bakfallsspyrnu sem hver atvinnumaður hefði getað montað sig af í ævisögu sinni.

Undir lok mótsins mætti Eyrún Ingaóttir starfsmaður félagsdeildar og afhenti verðlaun. Var það mál manna að hún væri aðal ástæða þess að svo góð mæting væri almennt á fótboltamót lögmanna enda afhendir hún ekki verðlaun án þess að viðkomandi liðsmaður fái að auki rembingsskoss að launum.

Mótið fór í alla staði vel fram og reyndi ekki á áfrýjunarnefnd Teina og Tótu. Sú nefnd er skipuð þeim Marteini Mássyni hrl. og Þórunni Guðmundsdóttur hrl., sem jafnframt er verndari mótsins. Komu engin deilumál upp í mótinu sem ástæða þótti til að leggja fyrir nefndina. Lokastaða mótsins fylgir með hér að ofan sagnfræðingum framtíðarinnar til fróðleiks.

Nefndin.



Lið Þrumunnar var í öðru sæti.



Fagur fótbolti.


Gutenberg
 PRENTSMÍÐJA

Suðurlandsbraut 24 • gutenberg.is • Sími 545 4400



Rekstur lögmannsstofa – alvöru „business“

Helgi Jóhannesson hrl.

Á síðustu árum hefur rekstur lögmannsstofa færst nær þeim sjónarmiðum og vinnuaðferðum sem tíðkaðar eru í annars konar viðskiptum þjódfélagsins. Margir segja að sala lögfræðiþjónustu eigi ekki að lúta öðrum og flóknari lögmaálum en hvers konar önnur sala á þjónustu. Þannig séu til að mynda markaðssetning, fagleg og fjármálaleg stjórnun, gæðaeftirlit og starfsmannastefna atriði sem þurfi að hafa í huga ekki síður en hinn faglegi metnaður og þekking sem verið er að selja.

Ég er algjörlega sammála þessu. Það eru ekki mörg ár síðan þessu var öðruvísi farið hér á landi. Stofurnar voru smærri og lítið lagt upp úr fyrrnefndum stjórnækjum. Eflaust hefur sein vaxning lögmanna í þessu efni verið ein ástæða þess að

við misstum að nokkru leyti spón úr aski okkar hvað varðar verkefni á ýmsum sviðum. Ég tel þó að við séum að ná vopnum okkar aftur og engin ástæða til annars en bjartsýni.

Til að fylgja þessu máli eftir tel ég afar mikilvægt að lagadeildir hér á landi bjóði upp á nám í viðskiptatengdum fögum. Jafnvel má velta fyrir sér hvort ekki ætti að vera skylda að taka stjórnun, bókfærslu og fleira af því tagi sem hluta af laganáminu. Ljóst er að þess konar þekking er afar nauðsynleg við rekstur lögmannsstofa og kemur einnig að miklu gagni við úrlausn ýmissa lögfræðilegra verkefna.

Gleðilegt sumar.

Við svörum fyrir þig

Þjónusta Símaversins felst í:

**Að annast símsvörun fyrirfyrirtæki stór og smá. Símasölu.
Kynningu á vörum og/eða þjónustu og bókun kynningarfunda.
Að fylgja eftir markpósti. Annari þjónustu sérsniðinni að óskum hvers viðskiptavinar.**

Símaverið býður lausnir sem geta leitt til aukinnar framlegðar og auka þjónustustig fyrirtækja. Símaverið skapar þannig meira svigrúm til að einbeita sér að kjarnastarfseminni.



Símaverið ehf
Pollgötu 2
400 Ísafirði
Sími: 450-5500
Fax: 450-5501

Tp: simaverid@simaverid.is
Vefsíða: www.simaverid.is

Af Merði lögmanni

Enn á ný er Mördur dottinn í depurð og kominn með kvíðaverki. Framsóknarflokkurinn tapaði ekki bara fylgi í nýafstöðnum kosningum heldur er hann ekki lengur í ríkisstjórn. Mördur hefur verið eldbeitur stuðningsmaður flokksins síðan hann var smaladrengrur í Hjarðarholti í Rangárvallasýslu snemma á 7. áratug fyrri aldar. (Fyrir yngri lesendur þýðir það sama og „sixties“). Í þá daga voru bara framsóknarmenn í sveitinni þótt sumir þeirra væru skráðir í annan flokk eins og Ingólfur á Hellu.

Nú eru framsóknarmennirnir í íbaldinu farnir að stjórna með gömlu kommunum sem í dag kalla sig jafnaðarmenn og umbverfissinna. Fussum svei. Þetta er háskólapakkið sem boðaði marxíska byltingu á 8. áratugnum (fyrir yngri lesendur þýðir það sama og „seventies“) og kennir í dag eitthvað sem beitir „kynjafræði“ og „umbverfisfræði“. Þessi félagsfræðikynslóð hefur aldrei skilið mannskepnuna en hefur samt mikla þörf fyrir að skipta sér endalaust af daglegu lífi fólks.

Til að kóróna þetta allt saman á nú líka að beita bandafli við að troða keöllingum í öll embætti og í stjórnir félaga. Eins og allir vita er afskiptasemi keöllinga af öllu með eindæmum. Meira að segja háöldruð móðir Marðar skiptir sér ennþá af því hverju Mördur klæðist og hvað hann borðar. Mikil djö... á eftir að verða leiðinlegt að búa hér á landi! Ekki er hægt að flýja til Skandinavíu því þar er þessi vitleysa enn lengra komin.

Nei, það sem þessa þjóð vantar eru fleiri Guðnar Ágústssynir, menn sem eru þjóðlegir í háttum og þekkja mismunandi hlutverk kynjanna. Menn sem eru hæfilega íbaldssamir og hafa vilja til að halda í gamlar og góðar hefðir. Menn sem eru skemmtilegir bæði til orðs og æðis en það er nauðsynlegt ef þjóðin á ekki að drepa úr leiðindum. Það finnst kannski einhverjum Jóhanna, Ásta Ragnheiður, Þórunn og Krístrún skemmtilegar en Merði finnst jafnvel Björn Bjarnason fara fram úr þeim þegar kemur að því að vera skemmtilegur – og er þá mikið sagt.

Það sem Mördur í raun og veru hræðist er að það verði ekki pláss fyrir hans líka í „hinu fullkomna femíníska samfélagi“ þegar daglegu lífi fólks verður stjórnað af hinu opinbera með refsivendi húsmóðurinnar sem verður óspart beitt. Þá má gera ráð fyrir að allt verði komið í kvóta og alls konar eftirlitsstofnunum komið á fót til að fylgjast með hvort brotið hafi verið á rétti kvenna. Atli Gísla og aðrar keöllingar munu svo búa til staðlað form um hvernig reyna megi við konur svo ekki sé brotið gegn kynfrelsi þeirra auk þess sem komið verður sjálfsstyrkingarnámskeiðum fyrir stúlkur inn í námskrár skóla. Mördur hefur miklar ábyggjur af því hvernig og hvar þessi vitleysa endar. Sennilega í algeru náttúruleysi karla þótt það breyti svo sem ekki miklu fyrir Mörd þéðan í frá.

Við að skrifa þennan pistil er depurðin orðin að þunglyndi og kvíðaverkirnir að alvarlegu kvíðakasti. Það bjargar hugsanlega heilsu Marðar að það er einn framsóknarmaður í meiri hluta borgarstjórnar. Hann er að vísu enginn Guðni en verður að duga.



Anna Linda Bjarnadóttir hdl.

Skattareglur og EES-samningurinn

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá 5. janúar 2007 í málinu nr. E-3650/2006: Hrafnhildur Njálisdóttir gegn íslenska ríkinu.

Málavextir

Málavextir eru þeir að stefnandi seldi rekstur sinn hér á landi á árinu 2001 í tengslum við flutning hans til Danmerkur sama ár. Ekki var stofnað sérstakt félag um reksturinn fyrir söluuna enda ekki búið að lögfasta reglur um skattfrjálsa yfirfærslu einkarekstrar yfir í einkahlutafélag á þessum tíma. Stefnandi frestaði skattlagningu á söluhagnaði á skattframtali 2002 skv. heimild í 14. gr. núgildandi laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Tæð lagagrein kveður á um að eigi skattaðili ekki eignir sem hann getur fyrnt á því ári þegar sala fer fram, getur hann farið fram á frestun skattlagningar á söluhagnaði um tvenn áramót enda afli hann sér eigna sem fyrna megi innan þess tíma og fyrni þær um fjárhæð sem nemur hinum skattskylda söluhagnaði. Verði eignanna ekki aflað innan tilskilins tíma telst söluhagnaðurinn með skattskyldum tekjum á öðru ári frá því hann myndaðist, að viðbættu 10% álagi.

Haustið 2002 fjárfesti stefnandi í hárgreiðslustofu í Danmörku fyrir hönd óstofnaðs einkahlutafélags. Í fylgibréfi með skattframtali stefnanda 2003 var gerð grein fyrir endurfjárfestingunni og að stefnandi teldi sig þar með hafa fullnægt lagaskilyrðum til fyrningar um fjárhæð sem nam söluhagnaði á skattframtali 2002. Um frekari laga-rök var vísað til stofnsetningarréttar og meginreglunnar um frjálst flæði fjármagns samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sem lögfestur var á Íslandi 1993 (nr. 2/1993). Það er skemmst frá því að segja að rökstuðningur stefnanda fékk engar undirtektir hjá skattstjóra sem taldi ofangreindan rökstuðning ekki eiga við um tekjufærslu á söluhagnaði vegna sölu á rekstri stefnanda.

Úrskurður yfirskattanefndar

Úrskurður skattstjóra var kærður til yfirskattanefndar sem kvað upp úrskurð sinn þann 26. október 2005 (nr. 300/2005). Yfirskattanefnd féllst ekki á kröfur stefnanda en úrskurður hennar var mjög ítarlegur og greinargóður. Er t.d. tekið sérstaklega fram að nú sé almennt viðurkennt að aðildarríkjum Evrópusambandsins beri að haga skattareglum sínum, þ.m.t. reglum um tekjuskatt og aðra beina

skatta, þannig að þær samrýmist frelsisákvæðum Rómarsamningsins, sbr. dómaframkvæmd dómstóls EB þar sem innlendar reglur aðildarríkja um tekjuskatt hafa verið taldar stangast á við einstök frelsisákvæði samningsins. Þá er tekið fram í úrskurðinum að „... því er varðar mál kæranda, sbr. framangreinda umfjöllun um þýðingu EES-samningsins, verður ekki séð að neitt fordæmi dómstóls EB liggi fyrir sem gefi sérstakt tilefni til að ætla að niðurstaðan í máli hennar feli í sér mismunun í skattalegu tilliti sem brjóti gegn frelsisákvæðum EES-samningsins.“

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur

Mál var höfðað á hendur íslenska ríkinu til ógildingar á þessum úrskurði yfirskattanefndar. Jafnframt var þess krafist að stefnanda hefði verið heimilt að nota frestaðan söluhagnað vegna tekjuársins 2001 til endurfjárfestingar í fyrnanlegum eignum í Danmörku á árinu 2002. Stefnandi byggði kröfur sínar á því að í 14. gr. tekjuskattslaga, sbr. 33. gr. sömu laga, væri ekki tekið sérstaklega fram að endurfjárfesting í fyrnanlegum eignum þyrfti að fara fram hér á landi. Skýra yrði lagaákvæðin í samræmi við önnur ákvæði laga um tekjuskatt. Að auki yrði að skýra þágildandi 13. gr. laga nr. 75/1981,

um tekjuskatt og eignarskatt, á þann hátt að ekki skipti máli hvort endurfjárfesting í fyrnanlegum eignum ætti sér stað hér á landi eða erlendis. Í því sambandi vísaði stefnandi til 31. gr. EES-samningsins þar sem segir að innan ramma ákvæða hans skuli engin höft vera á rétti ríkisborgara aðildarríkis EB eða EFTA til að öðlast staðfestu á yfirráðasvæði einhvers annars þessara ríkja. Stefnandi vísaði einnig til 40. gr. samningsins sem bannar höft á fjármagnsflutningum eða nokkra mismunun, byggða á ríkisfangi eða búsetu aðila eða því hvar fé væri notað til fjárfestingar. Stefnandi taldi að hafa yrði 4. gr. samningsins, sem bannar hvers konar mismunun á grundvelli ríkisfangs á gildissviði samningsins nema annað leiði af einstökum ákvæðum hans, til hliðsjónar við skýringar á framangreindum ákvæðum. Loks vísaði stefnandi til þess að úrskurður skattstjóra og yfirskattanevndar bryti í bága við 27. gr. samnings milli Norðurlandanna til að komast hjá tvísköttun, sbr. augl. nr. 11/1997.

Í fyrrnefndum úrskurði yfirskattanevndar var byggt á því að hinar sérstöku fyrningarreglur 14. gr. laga nr. 90/2003 hefðu í för með sér skattalegar afleiðingar og með því talið að heimildin sem um ræðir sé byggð á þeirri forsendu að hagnaður af sölu eigna, sem endurfjárfesting taki til, falli til skattlagningar hér á landi. Þessi niðurstaða var staðfest fyrir dómi með þeim orðum að fallast yrði á þau rök stefnda að rekstur stefnanda í Danmörku sé utan íslenskrar skattalögsögu og að heimild til fyrningar eigna í rekstri, sem skattskyldar eru í öðru ríki, fari alfarið eftir þeim lögum sem þar gilda. Var samkvæmt framansögðu ekki fallist á rök stefnanda og því jafnframt hafnað að með því að túlka umrædd lagaákvæði á þennan hátt hefði yfirskattanevnd tekið ákvörðun, sem hún hefði ekki verið bær til að taka, sbr. 77. gr. stjórnarskrárinnar.

Rökstuðningur fyrir þessari niðurstöðu dómsins hefði mátt vera öllu ítarlegri. Ekki er minnst einu orði á þá máls-

ástæðu stefnanda að túlkun skattýfirvalda á 14. gr. laga nr. 90/2003 kunni brjóta gegn 77. gr. stjórnarskrárinnar heldur er niðurstaðan fengin með vísan í forsendur yfirskattanevndar þannig að dómurinn tekur ekki sjálfstætt á álitaefninu. Jafnframt er ekki tekið á þeirri málsástæðu stefnanda að nauðsynlegt sé að túlka ákvæði tekjuskattslaganna innbyrðis og í stefnu er nefnd 5. mgr. 18. gr. laga nr. 90/2003 í dæmaskyni. Á grundvelli þeirrar reglu hafa skattýfirvöld heimilað endurfjárfestingu í erlendum hlutabréfum fyrir skattskyldan söluhagnað af íslenskum hlutabréfum, þrátt fyrir að ákvæðið heimili það ekki berum orðum.

Samkvæmt 2. kafla EES-samningsins, 2. mgr. 31. gr., felur staðfesturéttur í sér rétt til að hefja og stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi og til að stofna og reka fyrirtæki með þeim skilyrðum sem gilda að landslögum um ríkisborgara þess ríkis þaðan sem staðfestan er fengin. Staðfesturéttinum er því ætlað að tryggja ákveðna réttarstöðu þess sem vill hefja og stunda atvinnustarfsemi í viðkomandi ríki en leggur ekki beinar skyldur á ríkið sem hann flytur frá í því sambandi. Dómurinn taldi að reglan tryggði ekki að skattreglum hér á landi yrði beitt á þann hátt sem stefnandi taldi að leiddi af þessu ákvæði EES-samningsins. Ekki var heldur fallist á að þarna væri um að ræða mismunun vegna ríkisfangs eða af öðrum ástæðum sem samningurinn tekur til. Að þessu virtu væri ekki unnt að fallast á að stefnandi ætti rétt á því samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum EES-samningsins að heimildir í skattalögum á Íslandi til að fyrna eignir vegna skattskylds söluhagnaðar verði túlkaðar með þeim hætti að ekki skipti máli, hvort endurfjárfesting í fyrnanlegum eignum eigi sér stað hér á landi eða erlendis.

Í munnlegum málflutningi málsins var vísað til dóms Evrópudómstólsins frá 26. október 2006 þar sem framkvæmdastjórn ESB höfðaði mál gegn Portúgal til staðfestingar á því að ákvæði þarlendrar skattalaga, þar sem skattaundanþágu vegna öflunar

íbúðarhúsnæðis var bundin því skilyrði að nýtt húsnæði yrði keypt í Portúgal, bryti gegn 18., 39. og 43. gr. Rómarsamningsins og 28. og 31. gr. EES-samningsins. Var þessi túlkun framkvæmdastjórnarinnar staðfest fyrir Evrópudómstólum. Í dómi Héraðsdóms kom hins vegar fram, án frekari rökstuðnings, að ekki yrði fallist á að í fyrrnefndum dómi Evrópudómstólsins hefðu sambærileg atriði verið til umfjöllunar. Þessi niðurstaða dómsins er umdeilanleg í ljósi þess að bæði málin fjalla um undanþágu á skattlagningu skattskylds söluhagnaðar með endurfjárfestingu innan ákveðinna tímamarka í eignum í heimalandi. Þá er til þess að líta að margstaðfest er af Evrópudómstólum að ekki er gerð sú krafa að lagareglur aðildarríkja beinlínis komi í veg fyrir virkni fjórfrelsisins, til þess að brotið sé gegn samningnum, heldur er nægilegt að lagaumhverfið letji fólk og fyrirtæki í EES-ríki til að nýta sér fjórfrelsin og þar með tækifæri í öðru EES-ríki.

Að lokum hafnaði dómurinn þeirri málsástæðu stefnanda að þar eð skattaleg heimilisfesti hefði verið á Íslandi tekjuárið 2001, bæri að meðhöndla ráðstafanir sem leiddu af framtali þess tekjuárs, svo sem frestun skattlagningar og endurfjárfesting, eins og stefnandi bæri fulla og ótakmarkaða skattskyldu samkvæmt 1. gr. laga nr. 90/2003, en ekki takmarkaða skattskyldu á grundvelli 3. gr. sömu laga. Jafnframt féllst dómurinn ekki á það með stefnanda, án skýringa, að framangreindur úrskurður yfirskattanevndar bryti í bága við 27. gr. samnings milli Norðurlandanna til að komast hjá tvísköttun.

Athyglivert er að dómurinn felldi niður málskostnað með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, sem skýrir að hluta til rýran efnislegan rökstuðning dómsins. Stefnandi hefur áfrýjað dómi héradsdóms til Hæstaréttar og farið fram á að óskað verði eftir ráðgefandi áliti EFTA-dómstólsins. Verður forvitnilegt að sjá hvort Hæstiréttur verður við þeirri beiðni.

Árshátíð LMFÍ 2007:

Hundur og dádýr



F.v. Margrét Reynisdóttir, Karl Axelsson og Þóra Björg Jónsdóttir.



Árshátíðin var haldin í Lídó og snætt dýrindis dádýr, hlustað á Hund í óskilum og dansað við undirleik Sixties. Veislustjóri var Vala Valtýsdóttir.



F.v. Guðrún Valdimarsdóttir, Hörður Felix Harðarson, Höskuldur Þórhallsson og Einar Hugi Bjarnason.



Friðgeir Björnsson fyrrverandi dómari, dómstjóri og ritstjóri Tímarits lögfræðinga var heiðursgestur.



Fyrir árshátíð fóru gestir í móttöku í höfuðstöðvar Kaupþings.



F.v. Hulda Árnadóttir, Atli Björn Þorbjörnsson og Anna Ragnhildur Halldórsdóttir.



F.v. Ástríður Jónsdóttir, Hanna Hjördís Jónsdóttir, Hildur Friðleifsdóttir, Brynjar Níelsson, Arnfríður Einarsdóttir, Smári Hilmarsson, Jóhanna Halldóra Marteinsdóttir, Arnór Hafstað (í felum) og Hjördís E. Harðardóttir.



Hundur í óskilum brá sér bæjarleið og skemmti lögmönnum.



Helgi Sigurðsson, framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Kaupþings ávarpar gesti í móttöku sem haldin var fyrir ársátíðina.



F.v. Sigurður Skúli Bárðarson, Geir Oddgeirsson, Birna Jóhannesdóttir og Berglind M. Kristinsdóttir.



F.v. Erla Árnadóttir, Sveinn Andri Sveinsson, Heimir Erlingsson, Soffía Ólög Ketilsdóttir, Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir, Jóhannes Albert Sævarsson og Hildur Friðriksdóttir



Frummælendur á málþinginu. F.v. Ragnhildur Helgadóttir, Guðrún Erlendsdóttir, Auður Þorbergsdóttir, Brynhildur G. Flóvens og Þorbjörg Gunnlaugsdóttir.

Kvenlögfræðingar í fortíð, nútíð og framtíð

Það var skemmtilegt að líta yfir Sunnusal á Hótel Sögu föstudaginn 18. mars sl. þar sem 50 konur voru saman komnar á ráðstefnu um kvenlögfræðinga í fortíð, nútíð og framtíð sem Félag kvenna í lögmenntu bauð til.

Fortíð

Í byrjun voru þrjár brautryðjendur heiðraðir, þær Auður Þorbergsdóttir, fyrrverandi héraðsdómari, Guðrún Erlendsdóttir, fyrrverandi hæstaréttardómari og Ragnhildur Helgadóttir, fyrrverandi ráðherra og alþingismaður. Þessar konur voru í hópi fimm fyrstu kvenna sem útskrifuðust úr lagadeild Háskóla Íslands. Hinar voru Auður Auðuns, fyrrverandi borgarstjóri og alþingismaður og Rannveig Þorsteinsdóttir, hrl., sem báðar eru látnar.

Fyrst hélt Auður Þorbergsdóttir skemmtilegt erindi um reynslu sína af því að hefja störf í Borgardómi fyrir rúmum 40 árum. Hún sagði að

sumum hafi fundist undarlegt að sjá konu í dómarsæti og tóku t.d. upp á því að ávarpa dómarrann sem „hinn fagra dómara“ og var sumum tíðrætt um „kvenlega“ dóma. Erindi Auðar var í léttum dúr og konurnar í salnum hlógu oft dátt. Hún ræddi síðan reynslu sína af því að vera laganemi á árunum 1953 til 1958 og var margt líkt með því og dómarrastörfunum en hugmyndir manna um konur í lögfræði voru ótrúlegar.

Næst tók til máls Guðrún Erlendsdóttir sem lýsti því hvernig það var að vera lagastúdína fyrir 50 árum. Hún sagðist hafa læst með göngunum og engan haft til að tala við. Hún hefði ekki orðið ein af strákahópnum því hún var öðruvísi. Vera hennar í tímum leiddi til þess að stundakennari í refsirétti sleppti alveg að fara yfir 194 gr. hegningarlaga því ekki þótti tilhlýðilegt að útlista efni hennar í viðurvist konu. Guðrún er fyrst kvenna til að verða hæstaréttardómari og sagði frá skemmtilegu atviki á fyrsta ári sínu í Hæstarétti. Af skiljanlegum ástæðum höfðu dómarrar Hæstaréttar ekki

notað varalit en þegar Guðrún, nýjasti dómarrinn, gekk öftust í halarófunni að dómssalnum í fyrsta málflytningunni uppgötvaði hún að hún átti eftir að varalita sig. Hún var ekkert að tvínóna við það, náði í varalitinn og bað halarófuna að bíða á meðan hún setti hann á sig en þeir horfðu í forundran á.

Ragnhildur Helgadóttir kvaðst hafa notað útilokunaraðferðina þegar hún valdi að lesa lögfræði. Á þeim tíma var ekki um margt að velja í Háskóla Íslands og sú námsgrein sem henni stóð hugur til var ekki kennd. Hún var fjórða konan sem lauk námi í lögfræði en hún útskrifaðist haustið 1958. Hún lýsti háskólaárunum sem skemmtilegum tíma og að henni hafi liðið vel í lagadeildinni. Hún fann ekki mikið fyrir því að vera kona í stórum hóp karlnemenda enda fannst henni þeir ætíð líta á sig sem jafningja. Ragnhildur kvaðst aldrei hafa starfað við lögmenntu þó hún hefði réttindi til þess. Fyrstu árin hafi hún verið lögfræðingur Mæðrastyrksnefndar en síðan þingmaður og ráðherra. Hún benti á að margt væri sameiginlegt



Móttaka var í boði Sólveigar Pétursdóttur, forseta Alþingis. Nokkrir ráðstefnugestir.

með lögmennsku og þingstörfum og lagði áherslu á að þessi störf krefðust góðrar þekkingar á edli starfsins, rétt-sýni og velvildar.

Nútið

Brynhildur Flóvenz, lektor í kvenna-rétti við lagadeild Háskóla Íslands flutti fyrirlestur um áhrif kynferðis á beitingu réttarins. Hún fjallaði um að hvaða marki mismunandi lífsskilyrði kynjanna hafa áhrif á sýn þeirra á rétt-inn og hvernig reynsluheimur kynjanna hefur birst í mismunandi skilgreining-um þeirra á einstökum hugtökum eða aðstæðum. Loks fjallaði hún um hvort og hvernig hægt væri að koma í veg fyrir mismunun á grundvelli kynferðis innan réttarkerfisins.

Þorbjörg Gunnlaugsdóttir, lögfræð-ingur flutti erindi sem hún nefndi „Móðir, kona, lögfræðingur“ þar sem hún lýsti því hvernig það er að vera ung „karríer kona“ með fjölskyldu. Hún lýsti þessari stöðu á mjög lífleg-an og skemmtilegan hátt og var mikið hlegið.

Framtíð

Efnt var til pallborðsumræðna sem Svanhildur Hólm Valsdóttir, fréttar-

maður stjórnaði og fyrirlesarar svöruðu fyrirspurnum úr sal. Meðal annars var rætt um vandamál sem geta skapast vegna viðhorfa til kvenna á vinnumark-aði og um verkaskiptingu á heimilum. Margt hefði breyst í þessum efnum á síðustu 10 til 15 árum en Ragnhildur Helgadóttir benti á að það þyrfti að virkja karlana til að taka þátt í þess-ari umræðu. Í lok ráðstefnunnar voru Auður Þorbergsdóttir og Ragnhildur Helgadóttir gerðar að heiðursfélögum

FKL en Guðrún var gerð að heiðurs-félaga við stofnun þess árið 2004.

Í lokin var móttaka í boði Sólveigar Pétursdóttur, forseta Alþingis en svo snæddu ráðstefnugestir kvöldverð til heiðurs þessum þremur brautryðjend-um í stétt lögfræðinga. Skemmtilegum degi lauk með góðum mat og drykk.

Ragnhildur Benediktsdóttir,
lögfræðingur



Stjórn FKL ásamt heiðursgestum og Sólveigu Pétursdóttur forseta Alþingis. F.v. Bergþóra Ingólfsdóttir, Vala Valtýsdóttir, Dögg Pálsdóttir, Auður Þorbergsdóttir, Ragnhildur Helgadóttir, Guðrún Erlendsdóttir, Sólveig Pétursdóttir, Katrín Theodórs-dóttir og Margrét Gunnlaugsdóttir



Skúli Bjarnason hrl.

Um loforð stjórnámálanna í ljósi dóms Hæstaréttar í máli nr. 590/2006

Það er skemmtileg tilviljun að dómur í Öryrkjamálinu svokallaða skuli kveðinn upp nú að nýliðnum kosningum. Áhugavert er að velta fyrir sér ýmsum vinklum í því samhengi, bæði lögfræðilegum og pólitískum. Mál þetta fjallar fyrst og fremst um skuldbindingargildi loforða þess þjóðfélagshóps sem hvað iðnastur er í loforðagjöfinni, þ.e. stjórnámálanna, og afleiðingar meintra vanefnda þeirra. Lögfræðilega fjallar málið vitaskuld einnig um valdmörk og valdheimildir stjórnvalda gagnvart löggjafavaldinu, þótt höfudáherslan hvíli á skuldbindingargildi gagnvart loforðsmóttakandanum, í þessu tilfelli öryrkjum.

Það er gömul saga og ný að helstu vopn stjórnámálanna í aðdraganda kosninga eru loforð og fögur fyrirheit um allt það sem þeir muni framkvæma komist þeir til valda. Sitjandi ráðherrar, sem horfa fram á erfiðan róður í kosningum, hafa í gegnum tíðina verið iðnir við kolann þegar kemur að gerð samkomulaga við hina og þessa hagsmunaaðila eða ríkisstofnanir um auknar fjárheimildir eða aðrar réttarbætur, með það að markmiði að ganga í augun á kjósendum. Allir vilja jú komast í blómabrekkuna. Ekki er kunnugt um að reynt hafi á gildi slíkra loforða eða samninga fyrir dómstólum fyrr en í umræddum dómi Hæstaréttar í máli Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ)

gegn íslenska ríkinu nr. 590/2006 sem féll þann 24. maí síðastliðinn.

Í málinu krafðist ÖBÍ viðurkenningar á því að komist hefði á samkomulag þann 25. mars 2003 milli sambandsins og þáverandi heilbrigðisráðherra um að grunnlífeyrir tiltekinna yngri hópa öryrkja skyldi hækka með þeim hætti sem ÖBÍ taldi kveðið á um í fyrrnefndu samkomulagi. Einnig krafðist ÖBÍ viðurkenningar á því að íslenska ríkinu bæri að greiða sérhverjum öryrkja skaðabætur í samræmi við dómkröfuna. Deila málsaðila hefur hlotið töluverða fjölmiðlaumfjöllun og er óþarfi að reifa málavexti með ítarlegum hætti. Í málinu reyndi fyrst og fremst á það hvort samkomulagið væri bindandi en ÖBÍ taldi að komist hefði á bindandi einkaréttarlegur samningur milli aðila. Íslenska ríkið taldi á hinn bóginn að í samkomulaginu fælist einungis viljayfirlýsing um að ráðherra beitti sér fyrir lagasetningu. Þá hélt ÖBÍ fram að um hálfan milljarð vantaði upp á til að samkomulagið yrði að fullu efnt en íslenska ríkið taldi að svo hefði verið með lögum nr. 130/2003 sem breyttu almannatryggingarlögum nr. 117/1993.

Niðurstaða héraðsdóms í málinu er stutt og skýr. ÖBÍ mátti vera ljóst að yfirlýsing ráðherra, hvort sem í henni fælist loforð, fyrirheit eða annað, gæti

ekki skuldbundið ríkissjóð nema um væri að ræða ráðstöfun sem ráðherrann hefði vald til að framkvæma. ÖBÍ hefði mátt vita að þær breytingar sem samkomulag aðila fjallaði um kölluðu á lagabreytingar sem ráðherra gæti ekki einn staðið að. Því var íslenska ríkið sýknað af kröfum ÖBÍ.

Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms en á öðrum forsendum. Hæstiréttur kemst í stuttu máli að þeirri niðurstöðu að í gögnum málsins komi hvergi fram að bundist hefði verið fastmælum milli málsaðila um hver hækkun á lífeyrinum ætti að vera eða hver yrði kostnaðurinn af breytingunum. ÖBÍ hefði því ekki tekist að sanna að sú tilhögun sem lýst var í dómkröfunum hefðu verið þáttur í samkomulaginu umdeilda.

Það vekur óneitanlega athygli að Hæstiréttur tekur ekki afstöðu til þess álitamáls hvort þáverandi heilbrigðisráðherra hafi verið bær til að standa að gerð umrædds samkomulags með skuldbindandi hætti. Eftir standa því þær grundvallarspurningar sem snerta sjálfa stjórnskipun Íslands hvort ráðherra hefði getað skuldbundið löggjafann til að samþykkja breytingar á lögum um almannatryggingar og til að samþykkja fjárlög ár hvert til að uppfylla skuldbindingar samkomulagsins. Þótt þess sé sárt saknað að Hæstiréttur

taki ekki á þessum álitafnum verður að svara þessum spurningum neitandi með vísan til röksemda héraðsdóms í málinu. Ráðherra hefur ekki stjórnskipulegt vald til að skuldbinda lög-gjafarvaldið til að setja lög eða breyta lögum. Í stjórnarskránni segir auk þess að alþingismenn séu eingöngu bundnir við sannfæringu sína sbr. 48. gr. Nefna má til viðbótar þá stöðu er upp kæmi ef slík loforð væru gefin í aðdraganda kosninga og sú skylda flyttist á nýkjörinn þingheim að samþykka

slík „lagasetningarloforð“. Látum vera að þingmenn eru bundnir af ýmsum lögum sem sett eru af fyrri þingum og una því oft illa. Þeir hafa þar þó eftir atvikum heimildir til lagabreytinga eftir því sem við verður komið og vilji stendur til. Það mundi því fyrst kasta tólfunum ef unnt væri einnig að binda þingheim með framvirkum lagasetningaloforðum. Kjörseðillinn er því vísast sá vöndur sem betur hentar heldur en dómsstefnan sem viðurlagaviðbrögð af hálfu þeirra sem narraðir hafa verið.



BREYTING Á FÉLAGATALI

Ný málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti Íslands

Gísli Guðni Hall hrl.
Mörkin lögmannsstofa hf.
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík
Sími: 414-4100
Fax: 414-4101

Jón Sigurðsson hrl.
Juris hf.
Lágmúla 7
108 Reykjavík
Sími: 588-4400
Fax: 588-4410

Hildur Sólveig Pétursdóttir hrl.
Virtus lögmennt
Laugavegi 170
Sími: 414-3200
Fax: 414-3249

Björn Jóhannesson hrl.
Lögsýn ehf.
Aðalstræti 24
400 Ísafjörður
Sími: 456-4577
Fax: 456-3147

Ragnar Baldursson hrl.
Pacta – Málflutningur & ráðgjöf
Laugavegi 97-99
101 Reykjavík
Sími: 440-7900
Fax: 440-7901

Hilmar Gunnlaugsson hrl.
REGULA lögmannsstofa
Búðareyri 15
730 Reyðarfjörður
Sími: 580-7900
Fax: 580-7931

Stefán Þórarinn Ólafsson hrl.
Húnabraut 19
540 Blönduós
Sími: 452-4030
Fax: 452-4075

Ný málflutningsréttindi fyrir Héraðsdómi

Ásgeir Helgi Jóhannsson hdl.
Lögheimtan ehf.
Hafnarstræti 91-95
600 Akureyri
Sími: 440-7963
Fax: 642-4745

Berglind Rut Hilmardóttir hdl.
Landsbanki Íslands
Austurstræti 11
155 Reykjavík
Sími: 410-4000
Fax: 410-3101

Finnur Þór Vilhjálmsson hdl.
Ragnar Aðalsteinsson og Sigríður Rut
Júlíusdóttir - Lögmennt ehf.
Klapparstíg 25-27
101 Reykjavík
Sími: 511-1206
Fax: 511-1207

Gestur Óskar Magnússon hdl.
Húseigendafélagið
Síðumúla 29
108 Reykjavík
Sími: 588-9567
Fax: 588-9537

Heiðar Örn Stefánsson hdl.
Pacta – málflutningur og ráðgjöf
Laugavegi 97-99
101 Reykjavík
Sími: 440-7913
Fax: 440-7901

Helgi Þór Þorsteinsson hdl.
Lex ehf.
Sundagörðum 2
104 Reykjavík
Sími: 590-2600
Fax: 590-2606

Jóhanna Krístrún Birgisdóttir hdl.
Fulltingi ehf. – lögfræðipjónusta
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
Sími: 533-2050
Fax: 533-2060

Magnús Hrafn Magnússon hdl.
Mandat lögmannsstofa
Ránargötu 18
101 Reykjavík
Sími: 511-1190
Fax: 511-1195

Ólafur Kjartansson hdl.
P&L lögmannsstofa sf.
Suðurlandsbraut 4a
108 Reykjavík
Sími: 552-7500
Fax: 552-7501

Stefán Karl Kristjánsson hdl.
Lögmennt Austurstræti 10A
Austurstræti 10A
101 Reykjavík
Sími: 551-6412
Fax: 552-7544

Tómas Jónsson hdl.
Leonard ehf.
Kringlunni 4-12
103 Reykjavík
Sími: 588-1233
Fax: 588-7232

Unnar Steinn Bjarndal Björnsson hdl.
Lögfræðistofa Suðurnesja ehf.
Hafnargötu 51-55
230 Reykjaneshæð
Sími: 420-4040
Fax: 420-4049

Þórhallur Bergmann hdl.
Lex ehf.
Sundagörðum 2
104 Reykjavík
Sími: 590-2600
Fax: 590-2606

Millidómstig í sakamálum

Dómstólaráð lagði nýverið til við dómismálaráðherra að komið yrði á fót millidómstigi hér á landi í sakamálum. Ástæða þess er að réttarfarsnefnd, sem hefur unnið að frumvarpi til laga um sakamál, hefur enn og aftur staldrað við ákvæði um málskot sakamála til æðri réttar.

Þau sjónarmið sem helst hafa ráðið umræðunni um rétt einstaklinga til að fá dóma endurskoðaða eru einkum grundvölluð á mannréttindaákvæðum og því að Hæstiréttur hefur einungis einu sinni heimilað skýrslutökur fyrir dómi í tengslum við sakamál. Þeirri áleitnu spurningu hefur verið varpað fram hvort réttur einstaklingsins til heildarendurskoðunar á sakamáli fyrir æðra dómi sé með því nægilega tryggður.

Til að styrkja lagalega stöðu núverandi fyrirkomulags lagði réttarfarsnefnd til í hinu nýja frumvarpi að héraðsdómur yrði fjölskipaður í mun fleiri tilvikum en nú þegar niðurstafa ræðst að mestu af mati á trúverðugleika munnlegs framburðar fyrir dómi.

Tillaga Dómstólaráðs

Dómstólaráð lýsti þeirri skoðun sinni í erindi til dómismálaráðherra að slíkt fyrirkomulag væri ekki gallalaust. Það hefði óhjákvæmilega í för með sér aukningu á ársverkum dómara og að fjölga yrði héraðsdómurum. Að auki væri hætt á að fjölskipaður dómur þýddi lengri málsmeðferð þar sem erfiðara yrði að koma aðalmeðferð á dagskrá. Þá myndi fyrirkomulagið ekki leysa fyllilega úr þeim réttarfarsannmarka sem felst í því að einungis eitt dómstig leysir úr sönnun þegar niðurstafa ræðst af mati á trúverðugleika munnlegs framburðar fyrir dómi.

Í minnisblaði Dómstólaráðs til dómismálaráðherra um millidómstigið er lagt til að á því dómstigi verði eingöngu leyst úr sakamálum en einkamálum yrði eftir sem áður skotið beint til Hæstaréttar. Lagt er til að málin sæti heildarendurskoðun hjá millidómstiginu. Þar með væru atriði er varða sönnun endurskoðuð sem gæti leitt til þess að skýrslur verði aftur teknar af sakborningum og vitnum ef það teldist nauðsynlegt. Dómum millidómstigsins yrði einungis hægt að skjóta til Hæstaréttar til endurskoðunar á lagaatriðum og ákvörðun viðurlaga og

kæmi sönnun því ekki til endurskoðunar fyrir þar. Áfrýjun mála yrði takmörkuð þannig að einungis þeim er varða mikilvæga hagsmunir og hafa mikla almenna þýðingu yrði skotið til Hæstaréttar að fengnu áfrýjunarleyfi en í dag eru það einungis hin allra smæstu mál sem ekki komast þangað.

Nú er hægt að sækja um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar ef hagsmunir ná ekki áfrýjunarfjárhæð. Miðað er við að hliðstæð skilyrði yrðu um áfrýjun héraðsdóms til millidómstigsins.

Tillaga Dómstólaráðs gerir ráð fyrir að rannsóknarúrskurðir komi til endanlegrar úrlausnar á millidómstigi en þeir varða að stærstum hluta gæsluvarðhald. Hæstiréttur yrði með því leystur undan miklum fjölda mála sem þangað er skotið með kærðu. Ef mál af þessu tagi hefðu verulega almenna þýðingu væri hins vegar unnt að skjóta þeim til Hæstaréttar á grundvelli málskotsleyfis. Þá gerir tillagan ráð fyrir að Hæstiréttur leysi úr öllum ágreiningsatriðum sem varða réttarfær og má sem dæmi nefna ágreining um hæfi dómara. Ef litið er til fjölda mála við Hæstarétt á liðnum árum má reikna með að til millidómstigsins yrði skotið tæplega 100 málum á ári. Bara á árinu

Lögmannafélag Íslands hélt kynningu á millidómstigi í sakamálum þar sem greinarhöfundur, Símon Sigvaldason, hélt erindi ásamt Jóhannesi Rúnari Jóhannssyni.



2006, sem var metár, voru rannsóknarúrskurðir sem komu til endurskoðunar fyrir Hæstarétti alls 135 talsins en lang flestir þeirra vörðudu gæsluvarðhald. Málflutningur við dómstóla er að jafnaði í um 38 vikur á ári. Ef miðað er við að þrjú mál yrðu flutt í viku hverri fyrir millidómstiginu, væru þau 114 á ári.

Nýtt fyrirkomulag

Meiri hluta áfrýjaðara mála er áfrýjað til heildarendurskoðunar þótt sumum sé einungis áfrýjað til endurskoðunar á lagaatriðum og ákvörðun viðurlaga. Þessi atriði skipta máli þegar metið er hve marga dómara þarf á millidómstigi.

Gera má ráð fyrir að héraðsdómur verði einungis fjölskipaður í undantekningartilvikum ef millidómstig verður að veruleika. Í dag er dómurinn fjölskipaður í kynferðisbrotamálum, manndrápsmálum og alvarlegustu fíkniefnamálum og má gera ráð fyrir að í flestum tilvikum mætti þá víkja frá því. Þá yrði að miða við að almennt sætu þrjár dómara í dómi á millidóm-



Símon Sigvaldason.

stiginu og í undantekningartilvikum fimm. Ákjósanlegast væri að dóm-arar við millidómstigið væru sex til að unnt væri að skipa í tvær þriggja manna deildir.

Tilvist millidómstigsins myndi án nokkurs vafa leiða til minna álags á héraðsdómstólana þar sem héraðsdómur yrði einungis fjölskipaður í undantekningartilvikum.

Þá er einnig ástæða til að skoða hvort haga megi samningu dóma í sakamál-

um með öðrum hætti en gert er í dag. Í gildandi löggjöf er miðað við að í dómi séu reifaðir framburðir ákærða og vitna fyrir dómi. Leiðir af því að mikil vinna liggur í því að semja dóm í sakamáli og að dómur verði oft langir. Ef skýrslutökur yrðu endurteknar á millidómstigi er ástæða til að skoða hvort ekki er unnt að einfalda samningu héraðsdóma þannig að ekki þurfi að gera grein fyrir framburðum í þeim mæli sem er nú.

Tillögur hafa þegar komið fram um nafni á hið nýja millidómstig. Er þar fyrst til að telja heitið „Landsyfírréttur“ en það nafn á sér sögulega skírskotun til gamla Landsyfírréttarins sem einnig var millidómstigið auk þess sem nafnið vísar til þess að umdæmi dómshins er landið allt. Einnig hefur komið fram tillaga að nafninu „Áfrýjunardómstóll í sakamálum“. Þá er í tillögum Dómstólaráðs gert er ráð fyrir því að rétturinn hafi aðsetur í Reykjavík en geti haldið dómþing hvar sem er á landinu.

Símon Sigvaldason,
formaður Dómstólaráðs

Hdl. námskeið

Þann 4. maí s.l. útskrifuðust 45 lögmannsefni af námskeiði til öflunar réttinda til að vera héraðsdómslögmaður, en slíkt réttindanámskeið var nú haldið í áttunda sinn. Af þeim 45 sem luku námskeiðinu voru 18 konur og 27 karlar. Til fróðleiks má geta þess að alls hafa 326 lögfræðingar lokið námskeiði til öflunar réttinda til að vera héraðsdómslögmaður á þeim átta árum sem þessi námskeið hafa verið haldin. Af þessum fjölda þátttakenda eru 180 karlar og 146 konur.



Frá útskrift hdl.-nema 2007. Finnur Vilhjálmsson tekur við prófskírteini úr hendi Þorsteins Davíðssonar, formanns prófnefndar.



Eyrún Ingadóttir

Námskeið

Hjá stjórn námssjóðs er hafin skipulagning á námskeiðum næsta vetur. Ætlunin er að bjóða upp á svokallaðar „línur“ á einstökum sviðum og að hver „lína“ taki tvær til þrjár annir. Nú er unnið að því að skipuleggja „línur“ í fjármálarétti, vinnurétti og samkeppnisrétti og er miðað við að tvö námskeið verði í hverri línu á önn. Stefnt er að því að fá erlenda sérfræðinga til að kenna á sumum þessara námskeiða en auk þess verða almenn námskeið skipulögð eins og áður. Það eru því spennandi tímar framundan í námskeiðahaldi félagsdeildar.

Eyjafjallajökull

Til stóð að ganga á Eyjafjallajökul laugardaginn 2. júní sl. og höfðu 35 manns skráð sig í gönguna. Undirbúningur hafði staðið yfir frá áramótum og fólst hann m.a. með æfing-

argöngum á Esjuna. Vegna óhagstæðrar veðurspár þótti hins vegar ekki annað fært en að fresta ferðinni. Ákveðið hefur verið að reyna aftur vorið 2008 og geta því þeir sem ekki treystu sér nú í gönguna vegna æfingarleysis notað næsta árið vel og komið þá með.

Annað félagsstarf

Eins og lesa má á öðrum stað í blaðinu er nýafstaðið hið árlega fótboltamót innahúss og um þessar mundir er verið að auglýsa golfmót sumarsins. Félagsstarf sem þetta er allt unnið í sjálfboðastarfi af áhugasömum lögmönnum en það er ótrúlega stór hópur sem kemur að því með einum eða öðrum hætti.



Við geymum
og þjónustum
skjölin þín!

GAGNAGEYMSLAN

Smíðshöfða 1 • Sími 587 9800 • <http://www.gagnageymslan.is>

Taugasálfræðilegt mat

Minnir sérhæfir sig í:

- Taugasálfræðilegu mati
- Taugasálfræðilegri greiningu á sjúkdómum miðtaugakerfisins eða heilaskaða
- Endurhæfingu


minnir

Taugasálfræðipjónusta Dr. Claudiu Ó. Hoeltje

Minnir ehf.
Reykjavíkurvegi 62
220 Hafnarfirði

www.minnir.is

sími: 860 2170

Nýsamþykkt lög

Á síðasta þingi var samþykktur fjöldi nýrra laga sem eru áhuga-verð fyrir lögmennt. Hér er stutt samantekt úr lagabálkunum.

Lög nr. 54/2007

Breytingar á lögum um hlutafélög og einkahlutafélög, nýr kafli um millilandasamruna og millilandaskiptingu.

Með lögunum er heimilaður millilandasamruni og millilandaskipting félaga sem lúta löggjöf minnst tveggja ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu eða eru aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja. Með lögunum er innleidd tilskipun Evrópusambandsins um sama efni sem var afleiðing dóms Evrópudómstólsins í máli C/411/03 um Sevic Systems. Í málinu var komist var að þeirri niðurstöðu að það væri hindrun á stofnsetningarrétti Evrópusambandsins að leyfa ekki samruna félaga þvert yfir landamæri ríkja Evrópusambandsins.

Lög nr. 61/2007

Breytingar á kynferðisbrotakafli almennra hegningarlaga

Ákvæðum almennra hegningarlaga um fyrningarfrest kynferðisbrota gagnvart börnum og ungmennum undir 18 ára aldri er breytt þannig að fyrningarfresturinn hefst ekki fyrr en brotþoli nær 18 ára aldri. Ýmis viðurlög við brotum eru einnig þyngd. Ákvæði laganna um vændi var einnig breytt og er það nú refsivert að hafa atvinnu eða viðurværi sitt af vændi annarra og að auglýsa vændi opinberlega. Hins vegar er sjálf vændið refsilaust.

Lög nr. 84/2007

Ný heildarlög um opinber innkaup

Gilda lögin bæði um opinber innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu svo og innanlands og um vörur, þjónustu og verk. Eins og í fyrri lögum byggja lögin á þeirri megin stefnu að nota EES-reglur sem fyrirmynd að reglum um opinber innkaup innanlands. Með lögunum eru innleiddar tilskipanir Evrópusambandsins um



opinber innkaup nr. 2004/18/EB og 2004/17/EB. Í lögunum er m.a. settar reglur um heimild til svokallaðra samkeppnisviðræðna þegar um er að ræða flókna samninga en þetta er ný tegund innkaupaferlis. Frávikstilboð eru nú óheimil nema annað sé sérstaklega tekið fram. Þá er reglum um samþykki tilboðs breytt, þannig að óánægðir bjóðendur öðlast raunhæfa möguleika á að fá samning með því að skjóta máli til kærufundar og óska eftir bráðabirgðastöðvun útboðsins þar sem a.m.k. tíu dagar skulu líða frá því að ákvörðun um val tilboðs er tilkynnt þar til tilboð er endanlega samþykkt.

Lög nr. 55/2007

Breytingar á viðurlögum í ýmsum lögum á fjármálamarkaði

Lög þessi hafa það að markmiði að samræma betur viðurlagaákvæði í þeim lagabálkum er varða fjármálamarkaðinn. Fjármálaeftirlitið fær víðtækari heimildir en áður til að leggja stjórnvaldssektir á fyrirtæki og einstaklinga vegna brota á lögum á fjármálamarkaði. Brot á lögum á fjármálamarkaði sæta nú aðeins opinberri rannsókn að undangenginni kærufundar Fjármálaeftirlitsins til lögreglu. Þá var bætt við ákvæðum í lög á fjármálamarkaði, sem stuðla eiga að samvinnu lögreglu og Fjármálaeftirlitsins við rannsókn brota.

Lög nr. 52/2007

Breytingar á viðurlögum samkeppnislaga o.fl.

Refsiábyrgð einstaklinga vegna brota á samkeppnislögum er afmörkuð við samráðsbrot sbr. 10. og 12. gr. samkeppnislaga. Þá munu fyrirtæki eingöngu sæta stjórnvaldssektum vegna brota gegn samkeppnislögum. Brot gegn samkeppnislögum sæta nú aðeins opinberri rannsókn að undangenginni kærufundar Samkeppniseftirlitsins til lögreglu og eru í lögunum ákvæði um samvinnu lögreglu og samkeppniseftirlitsins við rannsókn samkeppnislaga. Þá hafa lögin að geyma ítarlegri ákvæði en áður um heimildir Samkeppniseftirlitsins til að lækka stjórnvaldssektir og falla frá sektarárákvörðun á hendur fyrirtæki sem hefur haft frumkvæði að því að láta Samkeppniseftirlitinu í té upplýsingar eða gögn.



Lög nr. 50/2007

Ný heildarlög um sameignarfélag

Þetta er í fyrsta skipti sem heildarlöggjöf er sett hér á landi um sameignarfélag. Eitt af markmiðum laganna er að tryggja áfram samningsfrelsi um innri málefni sameignarfélaga og sveigjanleika þessa rekstrarforms. Meginregla frumvarpsins er því sú að reglur um innra skipulag og innbyrðis réttarsamband félagsmanna eru frávikjanlegar. Í lögunum er gerður greinarmunur á skráðum og óskráðum sameignarfélagum og kveðið á um skráningarskyldu þeirra sameignarfélaga sem stunda atvinnurekstur eða eru alfarið í eigu lögaðila í firmaskrá. Þá munu skráð sameignarfélag njóta skilyrðislaus rétthæfis.

Lög nr. 33/2007

Breytingar á lögmannalögum

Vegna athugasemda Eftirlitsstofnunar EFTA við að tvær tilskipanir Evrópusambandsins er varða þjónustu evr-

ópskra lögmannna hér á landi væru ekki réttilega innleiddar í íslenskan rétt var gerð sú breyting á lögmannalögum að heimild lögmannna á Evrópska efnahagssvæðinu til að fara með mál fyrir dómstólum hér á landi er ekki lengur bundin við að starfa með hérlandum lögmanni eða njóta aðstoðar lögmanns sem starfar hér á landi.

Lög nr. 45/2007

Ný heildarlög um skyldur erlendra fyrirtækja og starfskjör starfsmanna þeirra

Í lögunum eru sett ýmis skilyrði vegna útsendra starfsmanna erlendra fyrirtækja héraendis. Lögin leggja upplýsingaskyldu á erlend fyrirtæki sem senda starfsmenn sína tímabundið til Íslands til að veita hér þjónustu, með svipuðu formi og starfsmannaleigum var áður einum skylt að gera. Erlendum starfsmönnum eru með lögunum tryggð kaup og kjör skv. íslenskum lögum og kjarasamningum auk réttar til launa í veikinda- og slysatilvikum. Íslensku notendafyr-

irtæki er skylt að óska eftir skriflegri staðfestingu frá Vinnumálastofnun um að erlent fyrirtæki hafi sinnt upplýsingaskyldu sinni áður en þjónusta er veitt. Getur Vinnumálastofnun krafist þess að lögregla stöðvi vinnu tímabundið eða loki starfsemi erlenda fyrirtækisins hér á landi tímabundið þar til fyrirtækið hefur gert þær úrbætur sem Vinnumálastofnun telur nauðsynlegar.

Lög nr. 160/2006

Breytingar á ársreikningalögum vegna vanskila ársreikninga

Sú skylda stjórnarmanna og framkvæmdastjóra að semja ársreikning og standa skil á honum til opinberrar birtingar er áréttuð og viðurlög við slíkum brotum þyngd. Þá er ársreikningaskrá heimilað að leggja sektir á þau félag sem vanrækja að standa skil á ársreikningi. Sektarfjárhæðin nemur allt að 500.000 kr.

Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl.
tók saman.

BREYTING Á FÉLAGATALI

Nýr vinnustaður:

Sigþór Hilmar Gunnarsson hdl.
Áslaug Auður Guðmundsdóttir hdl.
Glitnir Bank Luxembourg S.A.
534, rue de Neudorf
L-2220 Luxembourg
Sími: 352 266 864 24
Fax: 352 266 864 64

Högni Friðjónsson hdl.
VBS fjárfestingarbanki hf.
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
Sími: 570-1200
Fax: 570-1209

Erla Þuríður Pétursdóttir hdl.
Greiðslumiðlun hf.
Laugavegi 77
101 Reykjavík
Sími: 525-2045
Fax: 525-2191

Íris Arna Jóhannsdóttir hdl.
LOGOS lögmannsþjónusta
Efstaleiti 5
103 Reykjavík
Sími: 540-0300
Fax: 540-0301

Guðmundur Þór Bjarnason hdl.
Lögmannsstofa Jóns Ingvars Pálssonar
Barðastöðuum 7
112 Reykjavík
Sími: 552-8844
Fax: 552-8844

Kristín Ólafsdóttir hdl.
Tollstjórinn í Reykjavík
Héðinsgötu 10
105 Reykjavík
Sími: 560-0300
Fax: 560-0360

Tómas Hrafn Sveinsson hdl.
Landslög – lögfræðistofa ehf.
Hafnargötu 31
230 Reykjaneshæð
Sími: 520-2920
Fax: 520-2901

Bjarnveig Eiríksdóttir hdl.
Evrópulög ehf.
Ásvallagötu 2
101 Reykjavík
Sími: 691-8701

Nýtt aðsetur

Lögfræðistofa Suðurnesja ehf.
Hafnargötu 51-55
230 Reykjaneshæð
Sími: 420-4040
Fax: 420-4049



Meistaránám í skattarétti

Staðnám á sumrin – fjarnám á veturna

Skattaréttur skapar forskot

Lagadeild Háskólans á Bifröst býður upp á öflugt meistaranám í skattarétti. Námið er sniðið að þörfum þeirra sem starfa eða vilja starfa að skattamálum, hvort heldur er hjá hinu opinbera eða í einkageiranum. Kennarar í meistaranáminu eru bæði innlendir og erlendir sérfræðingar á sviði skattamála.

Íslenskum fyrirtækjum hefur á síðstu árum orðið ljósara en áður havða verðmæti felast í góðri þekkingu á skattarétti. Skattarétturinn er samtvinnnaður við marga þætti fyrirtækja, hvort sem um er að ræða almenna vöru, þjónsutu, ráðningarmál, eignakaup eða fyrirtækjakaup.

Árni Harðarson, Vice president Taxation, Actavis Group.

Umsóknafrestur í meistaranám er til 1. júní 2007

Frekari upplýsingar:

www.bifrost.is

311 Borgarnes | Sími 433 3000



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY



VINNUM TÍMA!

Með því að fela TCM-alþjóðainnheimtu innheimtu erlendra skulda opnast aðgangur að fyrsta flokks innheimtubjónustu hjá yfir 100 traustum TCM innheimtu- og lögfræðistofum um allan heim. Sparaðu tíma og fyrirhöfn – settu þig í samband við okkur.



TCM INNHEIMTA
SUDURLANDSBRAUT 4A
108 REYKJAVÍK
www.tcm.is